

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi á reit 21B í Hamranesi, Hringhamar 9.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar 19. apríl 2023 breytt deiliskipulag Hringhamars 9 á reit 21B, Hamranesi. Breytingin felst í að bygging C er lækkuð úr 7 hæðum í 6 og 4ra hæða hluti bygginga næst Hringhamri er hækkaður í 5 hæðir. Breytingartillagan var grenndarkynnt, engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. apríl 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 11. maí 2023